


Aðalfundur 2011

~ Haldinn þann 10.febrúar ~



Dagskrá aðalfundar

- **Kosning fundarstjóra**
- **Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári**
- **Reikningar lagðir fram til samþykktar**
- **Fjárhagsáætlun og ákvörðun félagsgjalda**
- **Kosning stjórnar**
 - Vallarstjóri og meðstjórnandi
- **Tillögur og lagabreytingar**
- **Önnur mál**
- **Vídeóannáll 2010 frumsýndur**
 - Hægt verður að nálgast hann á vef félagsins
<http://modelflug.net/video/2010/>
- **Hlé og léttar veitingar**
- **Vídeóannáll heldur áfram**

Skýrsla stjórnar

Flugmóðelfélagið hélt aðalfund sinn í morgunverðarsal Hótel Keflavíkur þann 26.janúar og var fínasta mæting. Rekstur á árinu 2009 var neikvæður en það tengist stórum framkvæmdum sem félagið réðst í á Arnarvelli. Hefðbundin aðalfundarstörf tóku fljótt af, Magnús Kristinsson var kosinn formaður og Sverrir Gunnlaugsson gjaldkeri. Að loknum aðalfundarstörfum var sest að snæðingi en fundargestum gafst kostur á að panta sér mat og yfir borðhaldinu var vídeóannáll Flugmóðelfélagsins frá árinu 2009 frumsýndur og vakti mikla kátínu. Aðeins dróg þó úr ánægjunni litabrengr í skjávarpa salarins.

Skrifað var undir nýjan samning við Íþrótt- og tólmstundaráð Reykjanesbæjar þann 25.maí og voru nokkrar áherslubreytingar í honum frá fyrri árum og ber þar helst að nefna að ráðast átti í stærri framkvæmdir á næstu árum til að klára aðstöðu fyrir gesti á Arnarvelli. Samfara þessu var styrktarupphæðin hækkuð frá því sem verið hefur síðustu ár.

Búið var að semja við verktaka um að taka verkið að sér í hjáverkum, sem betur fer, því þegar kom til að sækja átti styrkinn og hefja framkvæmdirnar nú í haust þá var því miður ekki hægt að greiða hann út vegna ástandsins og var framkvæmdunum því slegið á frest.

Það gengur bara betur næst!

Árið var engu að síður mjög gott fyrir Flugmóðelfélagið og mikið um að vera. Fjórir nýjrir félagar gengu í félagið og tuttugu og sex eru skráðir í Innherja.

Sett var upp vindrafstöð á Arnarvelli og geymslugámur félagsins var málaður í felulitum svo minna ber á honum þegar keyrt er framhjá Seltjörn.

Loftskip Reykjanesbæjar flaug um á Háskólatorgið á háskóladeginum 20.febrúar þar sem það vakti athygli á Keili og Reykjanesbæ og er óhætt að segja að það hafi vakið mikla lukku.

Laugardaginn 22.apríl tók félagið þátt í opnu húsi á Ásbrú í tilefni af sumardeginum fyrsta en þar mátti sjá brot af flugflota félagsmanna ásamt því sem gestir gátu spreytt sig á að fljúga í flughermi sem varpað var á vegg og höfðu gaman af.

Félagslífið var með miklum blóma í sumar, félagið hélt sína árlegu flotflugkomu í byrjun júní og svo var lendingarkeppni á dagskrá næstu viku á eftir. Félagsmenn fjölmenntu en einnig komu móðelmenn úr öðrum klúbbum og tóku þátt í mótunum.

Þrátt fyrir að sumarið og haustið hafi almennt verið mjög gott veðurfarslega séð þá voru veðurguðirnir ekki nógu hliðhollir þegar kom að stærri dagsetningum og þurfti t.a.m. að aflýsa Ljósanæturflogkomu félagsins vegna veðurs.

Flogið var á aðfanga- gamlárs- og nýjársgdag þrátt fyrir að veður hafi ekki alltaf verið upp á sitt besta. Aðfangadagsflug féll niður vegna veðurs en bæði tókst að fljúga á gamlársdag og nýjársgdag.

Stjórn Flugmóðelfélags Suðurnesja

Reikningar félagsins*Flugmóðelfélag Suðurnesja***Ársreikningur 2010**

	Inn	Út
Styrkir	100.000 kr.	
Félagsgjöld	257.200 kr.	
Innherjar	180.000 kr.	177.597 kr.
Merkja- og Aircore sala	3.900 kr.	
Vextir	1.315 kr.	
Aðalfundur		9.500 kr.
Vallarviðhald		48.204 kr.
Bensín, gas, olía		24.350 kr.
Annað		30.458 kr.
TF-FMS		25.000 kr.
Tryggingar		18.040 kr.
Bankakostnaður		5.050 kr.
Fjármagnstekjuskattur		235 kr.
Samtals á árinu	<u>542.415 kr.</u>	<u>338.434 kr.</u>
Fært frá fyrra ári	195.446 kr.	
Samtals	<u>737.861 kr.</u>	<u>338.434 kr.</u>
Samtals eign í árslok	<u>399.427 kr.</u>	
Velta á árinu	1.076.295 kr.	
Rekstramiðurstaða	203.981 kr.	

Eignir	Verð
Sláttuvél	200.000
Orf	25.000
Kerra	500.000
Bátur	25.000
Rafstöð	25.000
Samtals	775.000

Flugbrautir og vallarsvæði	33.625.000
- flugbrautir	27.500.000
- vallarsvæði	2.500.000
- vagn	1.500.000
- vallarplan	2.000.000
- gámur	125.000

Samtals eignir	34.400.000

Niðurstaða

Eins og fram kemur í ársreikningi félagsins var reksturinn á árinu jákvæður um 203.981 krónur en af því eru 100.000 styrkir frá velunnurum félagsins. Af þeim 103.981 sem eftir standa þá fara 86.250 í leigu á Reykjaneshöllinni á næsta ári. Þannig að einungis 17.731 krónur eru í afgang á þessu ári en það er þó talsverður viðsnúningur frá fyrra ári.

Fjárhagsáætlun og félagsgjöld

Stefnt verður að áframhaldandi aðhaldi í fjármálum félagsins engar stærri framkvæmdir liggja fyrir að svo stöddu en gera má ráð fyrir að dragi úr styrkjum á árinu. Félagsgjöldin á síðasta ári stóðu undir rekstri Arnarvallar eins og stefnt var að með hækkun þeirra á síðasta aðalfundi. Ég legg því til að félagsgjöldin verði óbreytt, 4.500 fyrir yngri en 18 ára og 9.500 fyrir aðra félagsmenn.

Kröfur vegna félagsgjalda verða stofnaðar í bankakerfinu eftir u.þ.b. tvær vikur, þeir sem vilja greiða fyrir þann tíma, og forðast greiðslukostnað, er bent á að hafa samband við gjaldkera.

Sverrir Gunnlaugsson gjaldkeri

Kosning stjórnar

Á þessum aðalfundi þarf að kjósa vallarstjóra og meðstjóranda.

Tillögur og lagabreytingar

Liggja ekki fyrir þegar þetta er ritað.

Önnur mál

Orðið er frjálst.

Minnisblað